

EYSTRAHORN

28.tbl. 41. árgangur

31.ágúst 2023

www.eystrahorn.is



Sólsetur yfir Silfurnesvelli
Ljósmynd eftir Þorvarð Árnason

BRASILÍSK AÐ UPPRUNA EN ÍSLENDINGAR Í HJARTANU

Að flytja til nýs lands er merkileg lífsreynsla, það felur í sér að skilja eftir hið kunnuglega og umfangna hið óþekkt. Eystrahorn settist niður með Luiz Carlos da Silva og Alessandra Kehl sem fluttu til Íslands frá Brasilíu og hafa búið á Hornafirði í áratug. Luiz starfar sem tónlistarkennari við Tónskóla A-Skaft og Alessandra starfar á hjúkrunarheimilinu. Þau deila hér með okkur reynslu sinna af því að flytja til Íslands og þeirra miklu andstæðna á milli lífsins í Brasilíu og á Íslandi.

Ferðalag þeirra til Íslands hófst á samtali við frænda Luiz, sem hafði verið búsettur á Akureyri og hafði lengi lofað Ísland sem fjölskylduvænt og gott land. Hjónin voru þá bæði í námi og vinnu í Brasilíu sem tók mikinn tíma og orku. Luiz hafði lagt tónlistina á hilluna um tíma vegna anna og var farinn að langa að sökkva sér í hana aftur. Hvattur af frænda sínum, sendi hann ferilskrár til tónlistarskóla á Íslandi og fékk jákvæð viðbrögð frá Hólmavík og Hornafirði. Luiz segir vinaleg og upplýsandi samskipti við Jóhann Morávek, skólastjóra Tónskólans hafa verið fyrsta merkið um að Hornafjörður væri rétta valið, en það sem gerði útslagið var þegar þau “googluðu” staðina tvo, og fundu þau strax fyrir sterkri tilfinningu um að Hornafjörður yrði þeirra næsta heimili.

Fyrir flutning lifðu Luiz og Alessandra annasömu lífi í Brasilíu. Í landi þar sem lífið er hraðvirkt og krefjandi fundu þau sig í stöðugri baráttu við vinnu og nám og lítinn tíma til þess að sinna fjölskyldu- og einkalífi. Þau segja atvinnumarkaðinn í Brasilíu erfiðan og samkeppnina mikla. Þar eru mjög margir um hvert starf, sem þýðir að fólk þarf að keppast við að bæta við sig reynslu og menntun til að skara fram úr.



Luiz og Alessandra ásamt dætrum sínum Amylee og Evu

“Þú verður í rauninni að vera ofhæfur ef þú ætlar að eiga möguleika, það er ekki nóg að fara bara í nám og láta þar við sitja, þú verður stanslaust að vera á tánum og bæta við þig þekkingu og kunnáttu”.

Hjónin unnu frá klukkan fimm eða sex á morgnanna til miðnættis alla virka daga vikunnar og áttu því lítinn gæðatíma með börnum, fjölskyldu og fyrir sig sjálf. Munurinn á lífinu í Brasilíu og á Íslandi er mikill. Í Brasilíu er hraðinn mikill, vinnutímar langir og lítill tími fyrir fjölskylduna. Á meðan að hér á Íslandi er þessi ríka áhersla á fjölskyldulíf, og friðsælt líf, segja hjónin. Í stað iðandi stræti Brasilíu er ædruleysi íslenskra bæja eins og Hornafjarðar það sem þau þráðu, svo þau slógu til og fluttu sig og börnin

sín yfir höf og heimsálfur til að freista gæfunnar og vilja nú hvergi annars staðar vera.

Við komuna til Hornafjarðar var Luiz og fjölskyldu hans fagnað með hlýju og vinsemd úr samfélaginu. Hins vegar var það ekki án áskorana, en Alessandra sem þekkti ekkert annað en að vera alltaf á fullu, hvort sem það var í skóla eða vinnu, var ekki með vinnu fyrsta árið, sem reyndist henni erfið. Hún segir það þó allt hafa verið þess virði og hún vilji hvergi annars staðar vera, hún sé mjög ánægð í starfi sínu hér en líka með frelsið og tímamann sem hún hefur þess á milli, sem þau höfðu minna af í Brasilíu. Skólaumhverfið gegndi mikilvægu hlutverki við að hjálpa börnum þeirra að

aðlagast tungumálinu og menningu, sem Luiz segir hafi verið ómetanlegt. Reyndar segja þau að þeim hafi verið tekið vel á öllum stöðum frá fyrsta degi, bæði í vinnu, skóla, vinum og öðrum í samfélaginu. Í dag finnst þeim þau tilheyra og kunna að meta örugga og nærandi umhverfið sem Hornafjörður býður upp á.

Eftir áratug á Íslandi finnur Luiz fyrir djúpri tengingu við landið og fólkið. Þó hann sakni hinnar lifandi matarmenningar í Brasilíu, trúir hann því staðfastlega að Ísland sé hans sanna heimili. Flutningurinn hefur ekki aðeins breytt lífi hans heldur einnig veitt fjölskyldu hans öryggi. “Börnin geta farið út að leika og

ég þarf ekki að vera hræddur um að þau verði bitin af snák, eða könguló eða öllu hinu sem er hættulegt þar”.

Luiz eins og áður sagði starfar sem tónlistarkennari og hefur unun af. Hann segir kennslu vera meira en bara að miðla þekkingu, kennarinn þarf að vera svo margt annað en bara leiðbeinandi fyrir nemendur sína, hann segir að það snúist ekki aðeins um að kenna kunnáttu heldur einnig um að byggja upp traust og sjálfstraust hjá nemendum sínum. Sum barnanna sem hann hittir skorti sjálfstraust í tónlistarnáminu sem hann leggur mikla áherslu á að byggja upp. Hann vill benda foreldrum á að segja börnum sínum að

þau séu nóg og að þau geti gert allt sem þau langar til, sjálfstraustið er stór hluti af því að ganga vel í hvers konar námi segir Luiz.

Að lokum vilja þau koma því á framfæri að fólk frá Brasilíu talar hátt, þau segja fólk stundum halda að þau séu að rífast þegar þau tala á sínu móðurmáli (portúgölsku) en það sé bara hvernig þau tala. Svo ef þið heyrið háværa portúgölsku þá eru þau að öllum líkindum bara að tala saman og allir í góðum gir.

Eystrahorn þakkar Luiz og Alessandra fyrir áhugavert spjall og áminninguna um það að stíga inn í hið óþekkta getur leitt til óvæntra verðlauna.



Sundlaug Hornafjarðar auglýsir.

Frá fimmtudeginum 31. ágúst munu báðir heitupottarnir vera **lokaðir** vegna viðgerða á miðlunartönkum.

Áætluð verkslok mánudaginn 18. September.

From Thursday August 31st both hot tubs will be **closed** for media tank repairs.

Estimated completion of work on Monday, september 18th.

Starfsfólk sundlaugar





Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Velferðarsvið auglýsir eftir sérfræðing í félagsþjónustu

Sérfræðingur hjá fjölskyldu- og félagsþjónustu

Velferðarsvið Sveitarfélagsins Hornafjarðar óskar eftir að ráða metnaðarfullan sérfræðing í 100% stöðu í félagsþjónustu og barnavernd. Velferðarsvið er staðsett í þjónustumiðstöðinni Miðgarði að Víkurbraut 24 sem hýsir fjölskyldu- og félagsþjónustu og stuðnings- og virkniþjónustu sveitarfélagsins.

Hæfniskröfur

- Starfsréttindi í félagsráðgjöf eða menntun á uppeldis-, félags- eða heilbrigðissviði æskileg
- Þekking og reynsla af starfi við barnavernd og/eða félagsþjónustu er kostur
- Skipulögð, sjálfstæð og fagleg vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta
- Þekking á One CRM skjalakerfinu er kostur
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Bílpróf
- Hreint sakavottorð

Ábyrgðar – og starfssvið

- Meðferð, vinnsla og eftirfylgni barnaverndarmála
- Bakvaktir í barnavernd
- Félagslegráðgjöf til einstaklinga sem leita til félagsþjónustunnar svo sem vegna atvinnuleysis, veikinda, fötlunar, öldrunar, húsnæðis-, fjárhags-, fjölskyldu- og áfengis- eða vímuefnavanda
- Málástjórn í stuðningsteymum vegna farsældar barna

Umsóknarfrestur er til 10. september 2023

Umsóknir skulu sendar á netfangið skuliing@hornafjordur.is. Nánari upplýsingar veitir Skúli Ingibergur Þórarinnsson sviðsstjóri velferðarsviðs. Laun eru samkvæmt kjarasamning Sambands íslenskra sveitarfélaga og víðeigandi stéttarfélags. Öll kyn hvött til að sækja um starfið.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S. 4708000 / www.hornafjordur.is



Þakkir

Innilegar þakkir færur við öllum, sem auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra Karls Sigurðssonar.



Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Skjólgarðs fyrir hlýju og góða umönnun.

Börn, tengdabörn, barnabörn og fjölskyldur.

Lifandi vafn
Lífandi þing með stórum trúddögum

Dagskrá vikunnar

Almennar samkomur
sunnudaga klukkan 13:00

Bænastundir
fimmtudaga klukkan 19:30

VIÐ HÉKKUM EÐ AÐ EÐA ÞIG

Instagram: [@lifandivafn](#)
Facebook: [lifandivafn](#)

Jesús segir:
Ei nokkurn þyrstir þá komi hann til mín og drekki. En þetta Jesús sem tróir á mig munu renna takir lands vafn

Héðan í lokun 1. árs 2023 - 1. árs 2024 (19. - 23. Júní) 2023



MÁLFRÍÐUR MALAR

Í dag ætla ég að kvarta örlítið varðandi vissan hóp opinberra starfsmanna, og annarra. Vitanlega eru ekki allir sem eiga skilið þetta tuð mitt en þeir sem eiga það skilið, virkilega takið það til ykkar og breytið hegðun ykkar. Hópurinn sem um ræðir eru þeir sem til dæmis keyra fyrir félagsþjónustuna á Höfn. Eins og flestir vita þá eru hér merkt bílastæði fyrir hreyfihamlaða einstaklinga við hinar ýmsu stofnanir. Starfsmenn félagsþjónustunnar þurfa vissulega að koma hreyfihömluðum skjólstæðingum í þessar stofnanir líkt og verslun og aðra opinbera staði. Þá er það sjálfsgagt að þeir leggi í þessi fáu merktu P stæði þegar þeir sannarlega eiga ferð um með skjólstæðinga sína. En, því miður vill það oft brenna við að þegar starfsmenn eru komnir í þessar merktu bifreiðar að þeir telji að þeir geti lagt í P stæðin þegar þeim hentar. Sérmerktu P stæðin eru

ekki fyrir fullfríska einstaklinga þó þeir séu á merktum þjónustubíl! Stæðin eru ekki fyrir þá einstaklinga sem telja sig fá skjótari afgreiðslu í Nettó því þeir lögðu í P stæðið við innganginn. Hugsid út í það fólk sem kemur rétt á eftir ykkur og þarf að leggja í þessi stæði vegna hreyfihömlunar sinnar. Þau komast ekki að, því fullfrískir einstaklingar eru að spara sér sporin til að ná sér í t.a.m. orkudrykki eða nasl fyrir sjálfan sig í Nettó. Ég vil því biðja ykkur kærur starfsmenn félagsþjónustunnar um að hugsa til þeirra sem þessi stæði eru merkt fyrir og að þið virðið það þó þið séuð á merktum bíl. Eins og fyrr segir þá eru það ekki allir sem haga sér eins kjánar og kannski vita þeir ekki betur. Þá þarf að upplýsa fólk að þetta gerum við ekki. Batnandi mönnum er best að lifa. Til að lifa í sátt og samlyndi við mann og annan í samfélaginu þurfa mannleg samskipti að vera góð.

Málfríður



Austurbraut 20 Sími: 662-8281
Útgefandi: Eystrahorn ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Arndís Lára Kolbrúnardóttir
Netfang: arndis@eystrahorn.is
Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Arndís Lára Kolbrúnardóttir
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126



Við leitum að starfsfólki í veiðarfæragerð

Skinney-pinganes hf. óskar eftir kraftmiklum og duglegum einstaklingum í störf hjá veiðarfæragerð félagsins á Höfn.

Einstaklingar af öllum kynjum er hvattir til þess að sækja um.

Áhugasamir eru beðnir um að hafa samband við Friðrik Þór Ingvaldsson í síma 869-0422.



JAFNLAINNGÖTTUN
2023 - 2026



Við leitum að starfsmanni í mótuneyti

Skinney – pinganes hf. leitar að liðsauka í mótuneytið sitt á Höfn í Hornafirði. Starfið er tímabundið til 1 árs og felur starfið í sér aðstoð við matseld ásamt undirbúningi og frágangi í eldhúsi mótuneytisins.

Menntunar- og hæfiskröfur:

- Góður liðsfélagi með mikla aðlögunarhæfni
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Stundvísi og reglusemi
- Bilpróf æskilegt
- Þekking og reynsla í eldhúsi er kostur

Í anda jafnréttisstefnu Skinneyjar-Pinganes eru einstaklingar af öllum kynjum hvattir til þess að sækja um.

Áhugasamir eru beðnir um að senda starfsumsókn í tölvupósti til Guðrúnar Ingólfsdóttur, guðrun@sth.is

Einnig er hægt að fá nánari upplýsingar um starfið hjá Óðni Eymundssyni í síma 470-8108.



JAFNLAINNGÖTTUN
2023 - 2026

UPPSKRIFT VIKUNNAR

Stokkandabringur í appelsínusósu eftir Kolbrúnu Björnsdóttur og Inga Stefán Guðmundsson

Við þökkum nágrönnum okkar Sonju og Adda Jóns fyrir að skora á okkur að senda inn uppskrift vikunnar. Af því tilefni þess að veiðitímabilið er að hefjast á gæs og önd langar okkur að bjóða upp á gómsæta uppskrift af stökkönd. Að sjálfsögðu má nota aliönd í staðinn, fyrir þá sem ekki nenna að veiða sjálfir. Þetta er uppskrift fyrir fjóra, tvær feitar stökkendur reyttar, og sviðnar létt. Skerið svo bringurnar af skipinu, klassískur og góður réttur. Okkur langar að skora á **Óla Björn Karlsson** því við vitum að hann er verðugur fulltrúi yngri kynslóðarinnar í eldhúsinu

Aðferð

Uppskrift fyrir 4 - fer eftir stærð fuglsins

Andabringur:

Skerið grunnar raufar ofan í skinnið og nuddið með salti og pipar. Steikið bringurnar á háum hita í 4-5 mínútur á hvorri hlið. Ausið fitunni af á meðan á steikingu stendur og leggið til hliðar. Setjið þá bringurnar í 200°C ofn í 6-10 mínútur eða þar til kjötið er fullleidd - og leyfið að hvíla í 5-10 mínútur. Gott er að hafa kjarnhita á bringunum ca 56-65°C eftir smekk hvers og eins.

Meðlæti:

Berið fram með nýjum steiktum kartöfluteningum, skerið kartöflur í teninga, steikið á pönnu í olíu og kryddið með salti. Grípið nokkrar stórar gulrætur, skerið þær í ræmur, sjóðið í vatni í 10 mín, salti og smá sykri.

Appelsínusósa

4 msk sykur
1 dl vatn
1 dl hvítvín
3 msk hvítvínседик
2 dl nýkrestur appelsínusafi
2 msk appelsínubykkni
1 msk rifinn appelsínubörkur
4 dl vatn - getur skipt út 1 dl vatni
í 1 dl grand mariner
1 msk Oscar andakraftur
1-2 msk sósujafnari
50 g kalt smjör
Salt og pipar

Hellið andafitunni á pönnu og bætið við sykri og vatni þar til úr verður dökk karamella. Bætið hvítvíni og hvítvínседiki við og sjóðið niður um helming. Bætið þar næst vatni og andakrafti út á ásamt appelsínusafa, þykkni og appelsínuberki og þykkið með sósujafnara. Takið pönnuna af hellunni og hrærið smjöri saman við en látið sósuna ekki sjóða eftir það. Kryddið með salti og pipar. Gott er að sigta börkinn úr sósunni áður en hún er borin fram.

Verði ykkur öllum að góðu.

SPURNING VIKUNNAR

Hvort myndir þú frekar, vera alltaf í blautum sokkum eða alltaf með vaselín í eyrunum??



Lína Dóra Hannesdóttir
Blautum sokkum



Eiður Ingi Margeirsson
Blautum sokkum



Agnes Heiða Þorsteinsdóttir
Blautum sokkum



Siggerður Egla Hjaltadóttir
Blautum sokkum



ORÐALEIT

SNÁKUR
NUNNA
BLÓMARÓS
SEPTEMBER
VÍNREKKI
TVEGGJAMANNAFAR
ARKARBROT
FÓLKSFÆÐ
MANNAÞEFUR
DÁÐ



AUGLÝSING

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir Gömlubúð til leigu

Gamlabúð er vel staðsett við hið líflega hafnarsvæði á Höfn og er eitt sögufrægasta hús Hornafjarðar. Það var upphaflega byggt árið 1864 við Papós í Lóni en síðar flutt til Hafnar. Lengst af var rekin verslun í húsinu, en síðar byggðasafn, Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs og nú síðast upplýsingamiðstöð ferðamanna. Húsið býður upp á mikla möguleika og hentar vel undir fjölbreyttan rekstur. Það er á þremur hæðum og er heildarstærð þess um 300 fm. Lyfta er í húsinu og gott aðgengi fyrir alla.

Leigutaka verður heimilt að nýta húsnæðið á þann hátt sem samið verður um en æskilegt er að í umsókn sé gert ráð fyrir upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn. Öll breyting á húsnæðinu er háð samþykki bæjarráðs og skal vera á kostnað og ábyrgð leigutaka.

Með umsókn skal fylgja greinargerð um fyrirhugaða starfsemi og rekstrarfyrirkomulag í húsinu. Skilmálar sem einkum verður litið til við ákvörðun um val á leigutaka eru eftirfarandi:

- Aukið aðdráttarafl Hafnar sem áfangastaðar
- Rekstur upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn
- Áformaður leigutími
- Endurgjald fyrir leigu húsnæðis
- Opnunartímar
- Reynsla og þekking viðkomandi aðila af rekstri
- Nýting hússins með tilliti til sérstöðu þess

Athugið að vægi skilmálanna er óháð röðun þeirra.

Áhugasamir aðilar vinsamlegast skilið inn umsókn á netfangið ardis@hornafjordur.is eigi síðar en kl. 23:59 þann 21. september 2023. Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er á grunni greinargerðar eða hafna öllum.

Allar nánari upplýsingar veitir Árdís í síma 470-8000 eða tölvupósti ardis@hornafjordur.is

Bæjarráð Hornafjarðar